



Faghópur II

Fundargerð 28. fundar

Orkugarði 2. desember 2009, kl. 13:00-18:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir (kl. 15:00-18:30), Friðrik Dagur Arnarsson (kl. 15:00-18:30), Guðni Guðbergsson (13:00-16:30), Jóhannes Sveinbjörnsson (kl. 13:00-16:00), Ólafur Örn Haraldsson (kl. 15:30-17:00), Rögnvaldur Ólafsson (15:30-18:00), Sveinn Runólfsson (kl. 13:00-16:30) og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Fundarfrásögn:

- Fundargerðir.** Að fengnum athugasemdum við síðustu fundargerð var hún samþykkt.
- Mat á veiðihlunnindum.** Fyrri hluti fundarinn fjallaði um mat á veiðihlunnindum í ám og vötnum.
 - Rætt var almennt um aðferðafræði, útfærslu mats og einkunnaskala.
 - Rennt yfir leiðbeiningarblað og rætt um orðalag einkunna. Einkunnin „Ekkert sérstakt“ var talin orka tvímælis og vera of gildishlaðin. Ítrekuð var nauðsyn þess að samræma notkun á einkunnum og ákveða hvaða aðferð yrði notuð við mat (samlagning, summa, mismunur og vogtölur) og hvernig vega ætti saman mat á a) veiðum í ám og vötnum, b) veiðum á fiski og skotveiðum og c) veiðum og beit. Jafnframt hvernig væri best að samræma niðurstöður mats á hlunnindum annars vegar og ferðapjónustu og útivistar hins vegar. Hvað a)-lið að ofan varðar var ákveðið að gefa eina sameiginlega einkunn fyrir veiðar í ám og vötnum. Guðni mun endurskoða og „þétta“ texta leiðbeiningarblaðs.
 - Guðni lagði fram vinnublað þar sem fram kom hans fyrsta mat á veiði í ám og vötnum gagnvart vatnsafskostum. Hann fór fljótt yfir sögu og almennt voru fundarmenn sammála niðurstöðum hans.
 - Rætt var um gögn varðandi grasnytjar. Guðni mun kanna hvort hann eigi í fórum sínum gögn sem stuðst var við í 1. áfanga.
 - Ákveðið var að kalla Ólaf K. Nielsen, vistfræðing hjá Náttúrufræðistofnun, til ráðgjafar varðandi skotveiðar.
 - Fundarmenn töldu hugsanlegt að hlunnindamati mætti ljúka á næsta eða þar næsta fundi.
- Mat á ferðapjónustu og útivist.** Kl. 15:00 bættust í hópinn Anna Dóra, Friðrik og Ólafur og stuttu síðar kom Rögnvaldur til fundar símlíðis en hann var veðurtepptur á Húsavík.

- a. Ákveðið var að kalla til fulltrúa orkufyrirtækja og/eða sérfróða aðila sem þekkja vel til staðhátta til að gefa álit á matsvinnu þegar grunnniðurstöður liggja fyrir.
 - b. Haldið var áfram mati á svæðinu milli Hofsjökuls og Langjökuls, frá Gullfossi norður að Blöndulóni. Fram kom breytingartillaga við skiptingu í undirsvæði með því að stækka Kerlingarfjallasvæðið til suðurs á kostnað svæðis Hrunamannaafréttar. Kom fram almennur stuðningur við þá breytingu.
 - c. Rætt var um áhrif línustæða á mat og var samkomulag um að taka yrði fullt mark á hugmyndum sem faghópur 4 hefur lagt fram í þeim efnum. Munu þær hugmyndir almennt hafa mjög neikvæð áhrif á mat hópsins.
4. **Önnur matssvæði.** Fram fór umræða um afmörkun matssvæða í öðrum landshlutum og gerð gróf grein fyrir helstu svæðum.
- a. Blöndusvæði: Eitt svæði.
 - b. Skagafjörður: Líklega eitt svæði sem teygir sig frá Varmahlíð upp undir Hofsjökul. Anna Sverrisdóttir mun gera tillögu um skiptingu í undirsvæði.
 - c. Norðausturland: Eitt svæði frá Vatnajökli að ströndum Skjálfandaflóa og Öxarfjarðar sem skiptist í sjö undirsvæði. Friðrik mun gera tillögu um mörk undirsvæða.
 - d. Reykjanes: Eitt svæði sem teygir sig frá Reykjanesi að Þingvallavatni. Svæðið skiptist í fimm undirsvæði: Hengilssvæðið, Brennisteinsfjöll, Krýsuvík, Svartsengi/Eldvörp og Reykjanes/Stóra Sandvík. Anna Sverrisdóttir mun gera tillögu að nákvæmum mörkum.
 - e. Suðurland: Líklegast er að hver kostur verði metinn sjálfstætt.
5. **Vinnufundur að Gunnarsholti.** Minnt var á að dagana 16.-17. des. mun hópurinn halda tveggja daga vinnufund í Gunnarsholti.
6. **Fundi slitið kl. 18:30.**
7. **Næsti fundur** verður haldinn þann 9. desember: kl. 13:00 - hlunnindamat; kl. 15:00 – ferðaþjónusta og útivist.